

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 24. september 2018
UST201709-023/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – hótél og baðlón – Efri – Reykir Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er upplýsinga frá Umhverfisstofnun um það hvaða viðmið skuli nota varðandi fráveitu í áætlun um uppbyggingu ferðamannaþjónustu þ.e. 200 manna hótél og tvö 2,5 – 3000 m² baðlón á um 29 ha svæði sem liggur að Brúará í landi Efri – Reykja í Bláskógabyggð.

Umhverfisstofnun bendir á að í lið 12.05 í fyrsta viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis háðar tilkynningarskyldu skv. lögnum, sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að ofangreind framkvæmd kunni að vera tilkynningaskyld sbr. og 2. viðauka lið 2.iii.d.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í erindinu er Brúará lindará. Brúará ásamt 200 metra breiðu belti beggja vegna árinna er svæði nr. 739 á náttúruminjasrá. Skv. náttúruminjasránni hefur Brúará mikið verndargildi vegna fjölskrúðugs gróðurs og vegna mikils fuglalífs. Stofnunin bendir á að á náttúruminjasrá eru svæði sem vert þykir að vernda. Einnig bendir stofnunin á að Brúará er talin ein af tærustu lindám landsins. Umhverfisstofnun bendir einnig á að við Brúará eru mikilvæg votlendi og fuglasvæði þar sem gulönd og húsönd en þær eru tegundir á valista, halda til á. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að áætlaðar framkvæmdir taki mið af verndargildi Brúará.

Einnig vill stofnunin benda á að skv. 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal leitast við viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins við vatnsnýtingu og framkvæmdir.

Tillaga að deiliskipulagi

Í tillögu að deiliskipulagi ofangreindra framkvæmda sem var til umsagnar Umhverfisstofnunar haustið 2017 kom fram að allt afrennsli frá áætlaðri starfsemi yrði meðhöndlað í fullu samræmi við ýtrustu kröfur. Stofnunin tók undir það en taldi í umsögn sinni dags. 23. október 2017, að nánari upplýsingar varðandi magn fráveitu (persónueiningar) og hvernig hreinsivirki væri áætlað - vantaði. Einnig benti stofnunin á mikilvægi þess að áætlað magn afrennslis frá baðlónum kæmi fram sem og efnainnihald jarðhita vatnsins sem nýtt verður í áætluðum baðlónum. Framangreindar upplýsingar hafa ekki komið fram. Að mati Umhverfisstofnunar eru þessar upplýsingar mikilvægar svo hægt sé að meta frárennsli frá hóteli og annarri starfsemi s.s. baðlónum og möguleg áhrif á Brúará sem viðtaka.

Viðmið sem nota skal varðandi fráveitu

Í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 kemur eftirfarandi fram í 7. gr.:

„7.1. Skólp skal hreinsa með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.

Eftir grófhreinsun er fyrsta þrep á fráveitu útfelling eða sambærileg hreinsun. Annað þrep er niðurbrot með bakteríum og útfelling eða sambærileg hreinsun. Losunarmörk sem eiga við er að finna í töflu 1 í viðauka 1 í ofangreindri reglugerð.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði hefur ekki verið friðlýst en fyrir liggja upplýsingar um mikilvægt lífríkis í og við Brúará sbr. hér að framan. Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands leggur skv. 3. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd mat á verndargildi náttúruminja.


Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir viðeigandi meðhöndlun frárennslis fyrirhugaðra baðlóna bæði hvað varðar efnainnihald og hitastig.

Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um magn afrennslis frá baðlónum og efnainnihald jarðhita sem nýttur verður í lónunum er ekki unnt að leggja mat á áhrif frárennslis á lífríki árinna. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaraðili þarf að leggja fram upplýsingar þar um svo unnt sé að meta hvort fyrirhuguð meðferð skólps sé fullnægjandi. Þannig þarf framkvæmdaraðili að gera grein fyrir áformum um hreinsun frárennslis og hvaða lausnir koma til greina. Umhverfisstofnun bendir á að einn af þeim möguleikum sem unnið hefur verið með að undanförmu á svæðum þar sem fyrir hendi er mikilvægt lífríki er að aðskilja svartvatn fráveitu frá og aka seyru til meðhöndlunar eða nýtingar við landgræðslu


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að um leið og efnainnihald heita vatnsins er skoðað sem nýta á í baðlón þá séu kannaðir kostir og gallar þess að dæla afrennsli af baðlónum aftur niður í jarðlög, frekar en að veita því út í Brúará. Einnig er mikilvægt að skoðað verði hvort áætluð nýting á jarðhita geti haft áhrif á Geysis-svæðið þ.e. hvort vatn sé tekið af sama jarðhitageymi. Stofnunin gerir sér grein fyrir að fjarlægð milli Efri-Reykja og Geysis-svæðisins er yfir 13 km, en telur samt að kanna þurfi jarðhitageymana.

Umhverfisstofnun minnir á að viðkomandi heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir hreinsivirki sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Viðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur


Sigrún Agústsóttir
Sviðsstjóri